

Sp.

30. Tillaga til þingsályktunar

[30. mál]

um stóriðju á Íslandi.

Flm.: Jóhann Hafstein, Ingólfur Jónsson, Matthías Á. Mathiesen,  
Sverrir Hermannsson, Magnús Jónsson, Eyjólfur K. Jónsson,  
Matthías Bjarnason, Jón Árnason, Geir Hallgrímsson.

Alþingi ályktar, að kosin skuli 7 manna stóriðjunefnd. Hlutverk nefndarinnar skal vera:

1. Að kanna möguleika til aukinnar stóriðju í landinu í tengslum við stórvirkjanir í fallvötnum landsins eða aukna hagnýtingu jarðvarmaorku.
2. Að hafa samráð við þá aðila, sem tengzt gætu verkefnum nefndarinnar eða vinna að skyldum málefnum, svo sem Orkustofnun, Landsvirkjun, Iðnþróunarsjóð, Iðnþróunarstofnun Íslands og Rafmagnsveitur ríkisins.
3. Nefndin skal gefa Alþingi skýrslur um framvindu mála og aldrei sjaldnar en í upphafi þings og fyrir þingslit og leggja fyrir Alþingi tillögur til framkvæmda.

Nefndin skal kosin eftir almennar alþingiskosningar. Hún kys sér formann og skiptir að öðru leyti með sér verkum. Nefndinni er heimilt að ráða sér starfsfólk. Kostnaðurinn af störfum hennar greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Á sjöunda áratug tuttugustu aldarinnar urðu þau tímamót í íslenzku þjóðlífi, að stóriðja í tengslum við stórvirkjanir fallvatna hélt innreið sína.

Sú stefna var mörkuð, að Alþingi hefði jafnan úrslitaráð í þessum mikilvægu málum.

Það sýnist því tímabært, að Alþingi setji á laggirnar stóriðjunefnd til þess bæði að fylgjast með framvindu mála og eiga frumkvæði að tillögugerð á Alþingi, þegar þess er talin þörf. Með þessum hætti skapast náin tengsl við Alþingi um framvindu iðnþróunarmála í landinu, sem að því stefna að treysta einhæft atvinnulíf og renna fleiri stoðum undir það með vaxandi hagnýtingu auðlinda landsins.